



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Sauðárkróki, 4. apríl 2018

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Kjartan Ingvarsson**

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um losun frá atvinnurekstri og umhverfiseftirlit.

Drögin að nýrri reglugerð eru stórt og mikið plagg eða 74 bls. sem tekur nokkurn tíma og yfirlegu að rýna. Það er því æskilegt að haldinn verði kynningarfundur með heilbrigðiseftirlitum um innihald og væntanleg framkvæmd. Eftir slíkan fund væri SHÍ væntanlega betur í stakk búin til þess að koma með ábendingar um drögin.

Það eru þrjár athugasemdir sem SHÍ vill koma á framfæri á þessu stigi málsins.

A. Skráningarskylda hjá UST sbr. 5. gr.

Athugasemd er gerð við að setja inn í reglugerð ákvæði um skráningaskyldu sem ekki er enn mögulegt að uppfylla. Það er hvorki til hugbúnaður né verkferlar um hvernig þessi skráning eigi að fara fram. Það kom fram á fundi framkvæmdastjóra HES og UST fyrir skömmu að það stæði jafnvel til að útbúa nýjan hugbúnað fyrir UST, til þess að uppfylla ákvæðið!

Rétt er að huga að því áður en farið væri í að hanna nýtt kerfi, hvort að núverandi eftirlitskerfi, sem stofnunin og mörg eftirlitssvæði nota, sem byggir á forritinu filmmaker gæti gagnast. Sagan segir að kostnaður hins opinbera við gerð nýs hugbúnaðar hleypur á mjög háum fjárhæðum.

Eðlilegt er að ákvæði um skráningaskyldu komi fyrst fram, þegar hægt verður að hrinda skráningu í framkvæmd.

B. 6. gr. gögn með umsóknum um starfsleyfi

Skilaboð sérfræðinga umhverfisráðuneytisins hafa á síðustu árum verið á þá leið, að stefna að því að einfalda leyfisveitingaferlið. Ef drögin að reglugerð verða staðfest óbreytt, þá mun



SHÍ


Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

leyfisveitingaferlið þyngjast fyrir flest minni fyrirtæki og markast það fyrst og fremst af 6 gr. grein draganna sem gerir fortakslausa kröfu um að lýsing á liðum frá; 6 gr.; a liðar til l liðar, fylgi umsókn, að vísu er sagt að gefa eigi upplýsingar samkv. e - liði eftir atvikum.

Í nógildandi reglugerð 10. gr. reglugerðar 785/1999, er orðalagið að veita eigi sambærilegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, eftir eftir því sem við á hverju sinni. Ef orðalagið yrði óbreytt miðað við nógildandi reglugerð, þá gæti heilbrigðisnefnd metið hvort að umsækjandi um starfrækslu minkabús eða hestahalds, sé nauðsyn, að uppfylla t.d. kröfu liðar k, *helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits.*

C. Skemmri skírn - auglýsing 582/2000

Heilbrigðisnefndir hafa beitt þekkingu á staðháttum og auglýst einungis lítinn hluta af starfsleyfisskilyrðum fyrir atvinnurekstur fyrirtækja sem fylla viðauka X og XI. Það hefur verið gert í skjóli auglýsingar umhverfisráðuneytisins nr. 582/2000, um almenn skilyrði fyrir mengandi atvinnurekstur. Ekki verður séð að drög að nýrri reglugerð geri ráð fyrir þessari málsmeðferð og ef sú verður niðurstaðan, þá mun breytingin þyngja mjög leyfisveitingarferilinn frá því sem nú er fyrir fjölda fyrirtækja sem er að finna á lista sem fylgir auglýsingunni.

f.h. SHÍ

Ritari